



Alþingi
Erindi nr. P 138/2987
komudagur 11. 8. 2010

5. ágúst 2010
SI-64053

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum (sameining ráðuneyta), 658. mál.

Með tölvupósti dags. 22. júní 2010, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að í því sé lögð til sameining dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í innanríkisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í velferðarráðuneyti og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Þá er lagt til að heiti umhverfisráðuneytis verði umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Ennfremur segir að markmið frumvarpsins sé að endurskipuleggja ráðuneyti í því skyni að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni.


Seðlabanki Íslands telur að bæta þurfi stofnanalega uppbyggingu hins opinbera. Sameining ráðuneyta og stofnana er liður í því. Hún mun auka getu ráðuneyta og stofnana til að taka á erfiðum verkefnum, bæta stjórnsýslu og stuðla að traustari samskiptum við gagnaðila á innlendum og erlendum vettvangi. Bankinn vonast því til að ofangreint frumvarp sé upphaf en ekki endir frekari umbóta í þessum efnum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands gerir því ekki athugasemdir við frumvarpið og styður framgang þess.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur